



Reykjavík, 8. apríl 2024

MSS24020130

Skóla- og frístundaráð

Afgreiðslubréf: Tillaga um tvær kvöldopnanir á viku í sértæku félagsmiðstöðinni Öskju

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Karenar Hrannarsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að vinna tillögu að breytingu á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024.

Greinargerð:

Askja er félagsmiðstöð fyrir nemendur á unglíngastigi í Klettaskóla og hún er með kvöldopnun einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 19:00 til 21:00. Meðaltalsmæting ungmenna á kvöldopnanir á síðasta ári var um 50% sem sýnir mikinn áhuga. Í dag er fjármagn fyrir kvöldopnanir í Öskju dregið frá úthlutaðri yfirvinnu starfsfólks og því í raun ekki úthlutað sérstöku fjármagni fyrir kvöldopnanir. Því er lagt til að félagsmiðstöðin Askja geti haft kvöldopnanir tvisvar í viku kl. 19:00 til 21:00 og að fjármagn sem úthlutað er nú þegar verði endurskoðað í ljósi mætingarhlutfalls og áhuga.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Ungmennaráð Laugardals, Bústaða og Háaleitis leggur til breytingu á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024. Hér er um að ræða félagsmiðstöð fyrir nemendur á unglíngastigi í Klettaskóla og hún er með kvöldopnun einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 19:00 til 21:00. Meðaltalsmæting ungmenna á kvöldopnanir á síðasta ári var um 50% sem sýnir mikinn áhuga. Fram kemur í greinargerð að í dag sé fjármagn fyrir kvöldopnanir í Öskju dregið frá úthlutaðri yfirvinnu starfsfólks og því í raun ekki úthlutað sérstöku fjármagni fyrir kvöldopnanir. Þetta þarf að endurskoða þannig að félagsmiðstöðin Askja geti haft kvöldopnanir tvisvar í viku kl. 19:00 til 21:00 og að fjármagn sem úthlutað er nú þegar verði hækkað í ljósi mætingarhlutfalls og áhuga. Þessi hópur barna á það til að einangrast heima. Þetta er e.t.v. eini staður sumra til að koma og hitta aðra, kynnast og mynda tengsl. Fulltrúi Flokks fólksins telur það afar mikilvægt að þessi tillaga nái fram að ganga.



Reykjavík



Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdímarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
e.u.

